


# Yacht-Master II

Oyster, 44 mm, gull




**Oyster Perpetual Yacht-Master II úr 18 kt gull með Oyster keðju og hringur sem snýst með bláu Cerachrom innleggi.**




CERACHROM HRINGINNLEGG

# Samansafn hátækni

Yacht-Master II er með snúningshring í báðar áttir og 60 Cerachrom innlegg með 60 mínútna kvörðun úr bláu keramik. Hátækni keramikið sem Rolex notar er einstaklega hart og svo gott sem rispuhelt og nota þarf sérstök verkfæri til að vinna það. Liturinn á því er stöðugur og upplitast ekki í útfjólubláu ljósi. Þetta keramik er óvirkt og getur ekki tærst, þökk sé efnafræðilegri samsetningu þess.

Mótaða, innfellda kvörðunin og tölustafirnir á bláa Cerachrom innlegginu eru húðaðir platínu eða gulli

með PVD (eðlisfræðilegri eimhúðun). Hver mínúta er merkt í fyrsta hálftíma kvörðunarinnar. Þegar hringurinn er í hlutlausri stöðu er hægt að lesa síðustu 30 sekúndur niðurtalningarinnar nákvæmar með sekúnduvísi skeiðklukkunnar í miðjunni. Hringurinn með kvörðun er með rifflaða brún sem veitir frábært grip og gerir notandanum einnig kleift að mæla tímalotur auðveldlega, til dæmis siglingatímann á milli tveggja bauja.




HVÍT SKÍFA

# Einstaklega góður læsileiki

Skífan tryggir að auðvelt er að lesa allar aðgerðirnar. Skífan er húðuð með nýju hvítu lakki sem er matt til að draga úr endurspeglun og á henni eru applique klukkustundamerkin sem eru táknræn fyrir úrin í Professional-línunni.

Skáhallandi kragi, ætlaður fyrir niðurtalninguna, er staðsettur á skífuna af einstakri nákvæmni og er með skráða umsókn um einkaleyfi. Hann er

merktur frá 10 til 0 mínútur, með hálfar mínútur merktar með þríhyrningum.



18 KT GULL

# Skuldbinding við ágæti

Með því að reka eigin málmsteypu býr Rolex yfir framúrskarandi getu til að steypa hágæða 18 kt gullblöndur. Samkvæmt hlutfalli af silfri, kopar, platínu eða palladíum sem bætt er við fást mismunandi tegundir af 18 kt gulli: gult, bleikt eða hvítt.

Þetta fer aðeins fram með hreinustu málmum og eru þeir skoðaðir vandlega af rannsóknarstofunni á staðnum þar sem notast er við nýjustu tækni. Þetta er gert áður en gullið er mótað og lagað þar

sem sama áhersla á nákvæmni er viðhöfð.
Skuldbinding Rolex við ágæti hefst við upptökin.



OYSTER KEÐJAN

# Fullkomin samsetning forms og virkni

Oyster keðjan er fullkomin samsetning forms og virkni, fagurfræði og tækni. Hún er hönnuð til að vera bæði sterk og þægileg. Hún er með Oysterlock lás sem leggst saman og kemur í veg fyrir opnun fyrir slysni og þægilegum Easylink-stækkunarhlekk sem fæst eingöngu hjá Rolex.

Þetta snjalla kerfi gerir notandanum kleift að lengja keðjuna um u.þ.b. 5 mm, sem veitir viðbótarþægindi við allar kringumstæður.

# Meira tæknileg ítaratriði
# Yacht-Master II

Tilvísunarnúmer 126688

## Úrkassi módels

**Gerð**
Oyster, 44 mm, gull

**Þvermál**
44 mm

**Efni**
gull

**Hringur**
Hringur sem snýst, með 60 mínútna kvörðun, með bláu Cerachrom innleggi úr keramík Mótaðar, innfelldar kvarðanir og tölustafir húðaðir gulli

**Oyster hönnun**
Monobloc miðkassi, skrúfuð bakhlið kassa og trekkjari

**Trekkjari**
Skrúfuð niður, Triplock þrefalt vatnsvarnarkerfi

**Gler**
Safír með rispuvörn

**Vatnsþéttni**
Vatnshelt við 100 metra / 330 fet

## Gangverk

**Gerð**
Stöðugt, vélrænt, sjálftrekkjandi

**Verkgerð**
4162, framleiðandi Rolex

**Nákvæmni**
-2/+2 sek/dag, eftir umgjörð

**Sveiflugjafi**
Meðseglandi blá Parachrom óróafjöður. Hágæða Paraflex höggdeyfar

**Trekkja**
Sjálftrekkjandi með Perpetual sjálfvindulóð í báðar áttir

**Hleðsluforði**
U.þ.b. 72 klukkustundir

**Aðgerðir**
Vísar frá miðju fyrir klukkustund og mínútur, lítill vísir á 6. Forritanleg niðurtalning með vélrænu minni og samstillingu á ferðinni. Stoppar á sekúndum sem veitir nákvæman tíma

## Armband

**Gerð**
Oyster, þriggja hluta gegnheilir hlekkir

**Efni í armbandi**
18 kt gull

**Lás**
Oysterlock öryggislás sem leggst saman með 5 mm þægilegum Easylink hlekk til lengingar

## Skífa

**Gerð**
Hvít

**Ítaratriði**
Afar læsileg Chromalight lýsing með langvarandi bláum ljóma

## Vottun

**Gerð**
Superlative Chronometer (opinber chronometer vottun + Rolex vottun eftir að úrverkið er sett í kassann)

# Uppgötvaðu meira á Rolex.com

**Öll hugverkaréttindi eins og vörumerki, þjónustumerki, viðskiptaheiti, hannanir og höfundarréttur eru áskilin.**

Ekkert á þessu vefsvæði má afrita nema að fengnu skriflegu leyfi. Rolex áskilur sér réttinn til að breyta módelunum sem eru sýnd á vefsvæðinu.

ROLEX